

Priðjudaginn 5. nóvember 1985.

Nr. 8/1985.

Hrefna Jakobsdóttir

(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)

gegen

innheimtumanni ríkissjóðs á Akureyri

og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

og gagnsök

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Hall-dór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Aðaláfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunar-stefnu 18. janúar 1985. Með gagnáfrýjunarstefnu 11. mars 1985 gagnáfrýjuðu stefndu héraðsdómi og áfrýjuðu jafnframt úrskurði í sama máli frá 24. október 1984, þar sem frávísunarkröfu stefndu var synjað.

Dómkröfur aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti eru svohljóðandi: „Að aðalstefndu verði dæmdir til þess að þola ógildingu í lögtaksgerð fógetadóms Akureyrar dagsettri 25. apríl 1983, en í gerðinni er svo-felld bókun: „Áminntur um sannsögli kveðst mætti ekki geta greitt ofangreind gjöld, en bendir á til lögtaks fasteignina Grænumýri 20, þinglýst eign gerðarþola. Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í framangreindri eign til tryggingar framangreindum gjöldum, auk dráttarvaxta alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.“ Ennfremur er krafist málskostnaðar sam-kvæmt gjaldskrá LMFÍ í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar úr hendi aðalstefndu. Í gagnsök er þess krafist, að stað-fest verði í Hæstarétti niðurstaða héraðsdóms um að ekki beri að vísa máli þessu frá dómi.“

Gagnáfrýjendur krefjast þess aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir

Hæstarétti. Til þrautavara krefjast þeir að málskostnaður verði felldur niður.

Aðaláfrýjandi reisir dómkröfur sína í héraði og fyrir Hæstarétti eingöngu á því, að eiginmanni hennar, Yngva R. Loftssyni, hafi verið óheimilt samkvæmt 20. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923 að benda á húseignina nr. 20 við Grænumýri til lögtaks en húseign þessi sé hjúskapareign aðaláfrýjanda.

Hinu umdeilda lögtaki frá 25. apríl 1983 hefur ekki verið áfrýjað samkvæmt 11. gr. lögtakslaga nr. 29/1885, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu aðaláfrýjanda að málshöfðun væri eigi heldur byggð á heimild 12. gr. lögtakslaga nr. 29/1885 til þess að fá skorið úr um lögmæti gerðarinnar fyrir almennum dómstóli, enda hafi mál verið höfðað löngu eftir að málshöfðunar-frestur samkvæmt þessari lagagrein var liðinn.

Auk takmarkaðrar heimildar fógeta sjálfs til þess að breyta fógetagerð eða fella niður samkvæmt ákvæðum lögtakslaga, verður lögtak ekki felld niður nema af æðra dómi eftir áfrýjun fógetagerðarinnar eða í dómsmáli fyrir almennum dómstóli í héraði samkvæmt 12. gr. lögtakslaga. Þar sem þeirra úrræða hefur ekki verið neytt ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ex officio og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til þess að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 35.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, Hrefna Jakobsdóttir, greiði gagnáfrýjendum, Elíasi I. Elíassyni innheimtumanni ríkissjóðs á Akureyri, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 35.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 14. desember 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ.m., hefur Hrefna Jakobsdóttir húsfrú nnr. 4339-1321, Grænumýri 20, Ak., höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 8. maí 1984, á hendur Elíasi I. Elíassyni, innheimtumanni ríkissjóðs á Akureyri, Hrafnagilsstræti 36, Akureyri, og Albert Guðmundssyni fjármálaráðherra, Stjórnarráði Íslands, Reykjavík, báðum f.h. Ríkissjóðs Íslands.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði dæmdir til þess að þola ógildingu á lögtaksgerð fógætadóms Akureyrar, dags. 25. apríl 1983, en í gerðinni sé svofelld bókun: „Áminntur um sannsögli kveðst mætti ekki geta greitt ofangreind gjöld, en bendir á til lögtaks fasteignina að Grænumýri 20, þinglýsta eign gerðarpola. Fógeti lýsti því yfir að hann gerði lögtak í framangreindri eign til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.“ Ennfremur er krafist málskostnaðar samkv. framlögðum reikningi.

Stefndu krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara krefjast stefndu sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar. Til þrautavara krefjast stefndu þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Málsatvik eru þau, að hinn 25. apríl 1983 gerði innheimtumaður ríkissjóðs á Akureyri lögtak hjá Hafnarbúðinni h.f., Akureyri til tryggingar söluskattsskuld fyrirtækisins að upphæð kr. 111.880,00 auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi. Fyrir gerðarpola mætti að tilhlutan fógeta Yngvi R. Loftsson, framkvæmdastjóri gerðarpola og eiginmaður stefnanda, sem samkvæmt endurriti úr fógætabók Akureyrar benti á fasteignina Grænumýri 20, Akureyri, til lögtaks, og er við lögtaksgerðina bókað, að eignin sé þinglýst eign gerðarpola, en fram er komið, að eignin er þinglýst eign Yngva R. Loftssonar. Lýsti fógeti yfir lögtaki í eigninni. Var lögtakinu síðan þinglýst á eignina hinn 16. maí 1983.

Stefnandi kveður umrædda fasteign vera sameiginlega hjúskapareign sína og eiginmanns hennar, Yngva R. Loftssonar. Hafi eignin verið notuð til sameiginlegs atvinnurekstrar þeirra hjóna, sem hafi verið útleiga á húsnæðinu til þriðja aðilja. Hafi þau því haft atvinnu af að leigja húseignina út til ýmissa aðilja, m.a. Hafnarbúðarinnar h.f. og Jóhanns Ögmundssonar o.fl. Auk þess hafi þau búið í húsinu til ársins 1976 og búi þar nú frá 2. apríl sl.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að eiginmanni hennar, Yngva R. Loftsyni, hafi verið óheimilt að benda á eignina til lögtaks og stofna til aðfararveðs í henni, sbr. 20. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20

frá 1923. Beri samkvæmt þeirri lagagrein að ógilda gjörðina þess vegna, en stefnandi hafi eigi fengið vitneskju um lögtakið fyrir en um mánaðamótin apríl/maí 1984.

Hinn 22. október sl. fór fram munnlegur málflutningur hér fyrir dómi um frávisunarkröfu stefndu, og með úrskurði dómsins hinn 24. október sl. var þeirri kröfu synjað.

Stefndu hafa nú við flutning málsins tekið upp frávisunarkröfu sína að nýju og krefjast endurskoðunar dómsins á fyrri niðurstöðu um þetta atriði. Rökstyðja stefndu frávisunarkröfu sína á sama hátt og áður. Halda stefndu því m.a. fram, að sé stefnanda heimilt að höfða mál þetta, geti það engan veginn staðist, að það nægi að stefna eingöngu einum aðilja lögtaksgerðarinnar, svo sem hér sé gert, til að þola ógildingu lögtaksgerðarinnar. Hafi stefnanda borið að stefna eiginmannni sínum Yngva R. Loftssyni og gerðarþola, Hafnarbúðinni h.f., auk stefndu. Leiði vanræksla á þessu til frávisunar málsins. Ekki verður séð, að kröfugerð í máli þessu tengist hagsmunum eiginmanns stefnanda og Hafnarbúðarinnar h.f. á þann hátt, að nauðsynlegt hafi verið að stefna þeim, svo sem stefndu halda fram.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna áður nefnds úrskurðar dómsins telur dómurinn ekki efni standa til breyttrar afstöðu til frávisunarkröfu stefndu, og ber að synja henni.

Sýknukröfu sína byggja stefndu í fyrsta lagi á því, að málið sé of seint höfðað samkvæmt 20. gr. laga nr. 20, 1923. Er því mótmælt, að stefnanda hafi ekki verið kunnugt um lögtakið fyrir en um mánaðamótin apríl/maí 1984. Halda stefndu því fram, að stefnanda hafi hlotið að vera kunnugt um lögtakið í síðasta lagi hinn 28. júní 1983, er hún ritaði sem vottur á veðskuldabréf, sem eiginmaður hennar gaf út þann dag, þar sem í texta þess bréfs var umræddrar veðsetningar getið. Þá mótmæla stefndu þeirri staðhæfingu stefnanda, að húseignin Grænamýri 20 hafi verið nýtt til sameiginlegs atvinnureksturs þeirra hjóna. Húsnæðið hafi einungis verið leigt út á þeim tíma, sem lögtakið fór fram. Slík nýting teljist ekki atvinnurekstur í skilningi 20. gr. laga nr. 20, 1923. Séu skilyrði til ógildingar á gerðum eiginmannsins samkvæmt þeirri lagagrein því eigi fyrir hendi. Er sýknukrafa stefndu í öðru lagi á því reist.

Þá er því haldið fram af stefndu, að eins árs hámarksbólshöfðunar-frestur frá þinglýsingu samkvæmt framangreindri lagagrein hafi verið liðinn, er mál þetta var höfðað, en það hafi ekki verið höfðað fyrir en 24. maí sl.

Fram er komið í málinu m.a. með eigin framburði stefnanda og eiginmanns hennar, að umrædd húseign var einungis nýtt af þeirra hálfu til útleigu á þeim tíma, er lögtakið fór fram. Verður ekki á það fallist með stefnanda, að slík nýting á húsnæðinu teljist atvinnurekstur í skilningi 20. gr.

laga nr. 20, 1923. Verður þegar af þessum ástæðum að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum og með hliðsjón af málavöxtum öllum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu kr. 10.000,00 í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Elías I. Elíasson, innheimtumaður ríkissjóðs, og Albert Guðmundsson fjármálaráðherra, báðir f.h. Ríkissjóðs Íslands, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Hrefnu Jakobsdóttur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu kr. 10.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1985.

Nr. 45/1984. **Guðjón Á. Halldórsson**
Guðmundur H. Halldórsson
Margrét Pétursdóttir og
Sigmar Guðmundsson og
Sigþór J. Sigþórsson

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

Tómasi Þorvaldssyni

(Jónas Aðalsteinsson hrl.)

Vegir. Umferðarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. febrúar 1984 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. febrúar 1984.

Dómkröfur áfrýjenda eru þær, að viðurkenndur verði með dómi umferðarréttur þeirra um veg, sem liggur um svonefndan Selhól í